



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



FÖTLUNARFRÆÐI

Diplómanám, meistaranám og doktorsnám

www.felagsogmannvisindaeild.hi.is



HVAD ER FÖTLUNARFRÆÐI?

Fötlunarfræði er þverfræðileg grein sem leggur áherslu á félagslegan skilning á fötlun og rannsakar þátt menningar og umhverfis í að skapa og viðhalda fötlun. Fötlunarfræði lítur á fötlun sem áhugaverðan þátt í margbreytileika mannlífsins, ekki sem afbrigðilegt frávik. Í fötlunarfræði er lögð áhersla á mannréttindi og félagsleg og söguleg viðbrögð við fötluðu fólki, meðal annars ímyndir þess og hlutverk í dægurmenningu, fjölmiðlum og almennri orðræðu. Líf, aðstæður og reynsla fatlaðs fólks er miðlæg í öllum viðfangsefnum.

NÁM Í FÖTLUNARFRÆÐI

Nám í fötlunarfræði er framhaldsnám að loknu BA-prófi eða öðru sambærilegu háskólaprófi. Boðið er upp á diplómanám, meistaranám og doktorsnám. Markmið námsins er að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu á fjölbreytilegum þáttum sem varða fötlun, fatlað fólk og málefni þess. Nemendur eru hvattir til að tengja námið við eigin áhugasvið og fræðilegan bakgrunn. Náð samstarf er við Rannsóknasetur í fötlunarfræðum.

FJARNÁM

Nemendur sem ekki eiga þess kost að sækja tíma geta stundað fjarnám. Fyrirlestrar eru hljóðritaðir og aðgengilegir nemendum á lokuðu vefsvæði. Unnt er að taka flest námskeið í fötlunarfræði í fjarnámi.

NÁMSLEIÐIR

Diplómanám

- Diplómanám í fötlunarfræði (30 einingar)
- Diplómanám í fötlunarfræði með áherslu á opinbera stjórnsýslu (32 einingar)

Meistaranám

- MA-nám í fötlunarfræði (120 einingar)
- MA-nám í fötlunarfræði og opinberri stjórnsýslu (120 einingar)
- MA-nám í fötlunarfræði með áherslu á margbreytileika (120 einingar)

Doktorsnám

- Doktorsnám í fötlunarfræði samanstendur af 180 eininga doktorsritgerð og námskeiðum á sérsviðum.

Nánari upplýsingar: fom@hi.is og fotlunarfraedi@hi.is



Tom Shakespeare

ALPJÓÐLEG TENGSL

Nám í fötlunarfræði er rekið í alþjóðlegu samstarfi og nýtur þar góðs af tengslum við marga af áhrifamestu fræðimönnum heimsins á okkar tímum. Á hverju ári heimsækja erlendir fyrirlesarar og gestakennarar námsbrautina.

KENRARAR OG STARFSFÓLK



Rannveig Traustadóttir, prófessor
Ph.D í fötlunarfræði og kynjafræði



Snæfríður Þóra Egilson, prófessor,
Ph.D í uppeldis- og menntunarfræði



Hanna Björg Sigurjónsdóttir, dósent
Ph.D í fötlunarfræði



James Gordon Rice, lektor
Ph.D í mannfræði



Stefan Hardonk, nýdoktor
Ph.D í heilsufélagsfræði



Eiríkur Karl Ólafsson Smith
doktorsnemi í fötlunarfræði



Hrafnhildur Snæfríðar og Gunnarsdóttir
verkefnastjóri, MA í kynjafræði



Eva Þórdís Ebenezersdóttir, stundakennari
MA í þjóðfræði



Helga Baldvins- og Bjargardóttir
stundakennari, MA í lögfræði



Inga Guðrún Kristjánsdóttir, stundakennari
MA í náms- og starfsráðgjöf

SKIPTA FÖTLUNARFRÆÐIN MÁLI FYRIR FATLAÐ FÓLK? Freyja Haraldsdóttir

Fólk á það til að vorkenna mér óheyrliga og þá sérstaklega vegna skerðingarinnar sem það álítur vera uppsprettu allra erfiðleika sem ég mæti. Ég upplifi áskoranir þó á annan hátt og eftir því sem ég verð eldri sé ég að það eru viðhorf annarra og mín eigin sem setja lífi mínu skorður, skerða frelsi og grafa undan mannréttindum mínum. Það fyrsta sem ég las í fötlunarfræði var grein um félagslega líkanið um fötlun. Þar var fötlun aðgreind frá líffræðilegri skerðingu og skilgreind sem sköpunarverk neikvæðra viðhorfa, fordóma, slaks aðgengis, skertra tækifæra og aðstoðar. Við þennan lestur opnuðust ótal gluggar í huga mér og loksins fannst mér einhver koma tilfinningum mínum og hugsunum um fötlun í orð. Mér fannst mikið frelsi fylgja fötlunarfræði því að hún staðfesti fyrir mér að skerðingar fólks eru eðlilegur hluti af lítrófi mannlífsins og fötlunarfræðin bendir líka á þau ótal tækifæri sem við höfum til að fjarlægja þær manngerðu hindranir í umhverfi okkar sem skapa fötlun.



NEMENDUR Í FÖTLUNARFRÆÐI

Nemendur í fötlunarfræði hafa fjölbreyttan bakgrunn, meðal annars í bókmenntafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, heimspeki, iðjubjálfun, lögfræði, mannfræði, þjóðfræði og þroskaþjálfun. Ólíkur bakgrunnur nemenda og persónuleg reynsla margra þeirra af fötlun er mikilvægur styrkur og gerir námið lifandi og skemmtilegt.

Kristinn Arnar Diego



Nám í fötlunarfræði hefur opnað augun mín fyrir réttindabaráttu fatlaðs fólks. Ég get sagt að fötlunarfræði er mest spennandi nám sem ég hef tekið í háskólanum. Að læra um menningu, sögu, kenningar og annað varðandi fatlað fólk var krefjandi en sterk reynsla. Námið hjálpaði mér til að skilja betur hvað fatlað fólk hefur þurft að ganga í gegnum til

að öðlast réttlæti. Þess vegna mæli ég eindregið með diplóma-eða meistaranámi í fötlunarfræði fyrir þá sem hafa áhuga á málefnum fatlaðs fólks.

Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir



Ég upplifði mig strax velkomna og til jafns við aðra nemendur. Loksins var ég komin í nám sem mig langaði til að stunda og tengist áhugasviði mínu, fötlunarpólitik og fötlunarlist. Reynsla mín af námi í fötlunarfræði hefur verið lærdómsríkt, skemmtilegt og krefjandi ferðalag. Námið hefur nýst mér í baráttunni fyrir notendastýrðri persónulegri aðstoð og

sjálfstæðu lífi. Ég hef breyst. Í byrjun hafði ég fordóma gagnvart sjálfri mér. Sá mig ekki vera fræðimann að gera rannsókn heldur meira sem fötlunarlistakonu og aðgerðarsinna. Nú hef ég vaknað til vitundar um það hve rannsóknir og fræðastarf er mikilvægt. Jákvæðar breytingar hafa átt sér stað með tilkomu fötlunarfræðinnar. Hina hljóðu byltingu má sjá meðal fatlaðs fólks er lokið hefur námi í fötlunarfræði, hvernig það kemur fram og talar sínu máli af þekkingu og virðingu.

AÐ NÁMI LOKNU

Fólk sem lokið hefur námi í fötlunarfræði sinnir margvíslegum störfum við rannsóknir, stefnumótun, réttindagæslu, innan þjónustu- og menntakerfisins, á vettvangi baráttusamtaka fatlaðs fólks og víðar.

Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður vinstri grænna



Nám í fötlunarfræði nýtist mér afar vel í starfi mínu sem þingmaður. Enda er áhersla þar lögð á að líta ekki aðeins á einstaklinginn heldur skoða hvernig efnahagslegar, menningarlegar og félagslegar aðstæður móta samfélagið, möguleika og líf fólks. Þjálfun í slíku kemur sér vel þegar taka á stefnumótandi ákvarðanir á öllum sviðum samfélagsins.

Jarprúður Þórhallsdóttir, réttindagæslumaður



Nám í fötlunarfræði hefur gefið mér dýrmæta sýn á líf fatlaðs fólks fyrr og nú. Í náminu er lögð áhersla á að kynna raunverulegar aðstæður fatlaðs fólks í samfélaginu og hvernig aldalöng kúgun birtist í lífi þess. Starf mitt sem réttindagæslumaður fatlaðs fólks felst í því að standa vörð um mannréttindi þess og þar hefur nám í fötlunarfræði reynst mér afar dýrmætt veganesti.

Hrefna K. Óskarsdóttir, verkefnastjóri hjá Öryrkjabandalagi Íslands



Nám mitt í fötlunarfræði og sú félagslega sýn á fötlun sem þar er kynnt hefur nýst mér mjög vel í starfi mínu sem verkefnastjóri hjá Öryrkjabandalagi Íslands, til dæmis við stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.

Helgi Þór Gunnarsson, forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg



Ég starfa sem forstöðumaður í búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða á velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Nám mitt í fötlunarfræði nýtist mér afar vel í starfi en þar kynntist ég nýrri hugmyndafræði sem byggist á félagslegri sýn á fötlun og er ólík þeirri sýn sem hefur verið ríkjandi í kerfinu.

fotlunarfraedi@hi.is



RANNSÓKNASETUR Í FÖTLUNARFRÆÐI

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum er þverfræðilegur vettvangur rannsókna á sviði fötlunarfræða með áherslu á samtvinnun ólíkra fræðigreina. Rannsóknasetrið er leiðandi á sviði fötlunarrannsókna hér á landi og þar starfar fjölbreyttur hópur fræðimanna, rannsakenda, verkefnastjóra, nýdoktora, meistara- og doktorsnema. Rannsóknasetrið starfar innan Félagsvísindastofnunar og hefur samstarf við stofnunina um rannsóknarverkefni sem tengjast stöðu og aðstæðum fatlaðs fólks hér á landi. Rannsóknasetrið er rekið í víðtæku alþjóðlegu samstarfi og tekur þátt í norrænum, evrópskum og öðrum alþjóðlegum verkefnum.

Sjá nánar á www.fotlunarfraedi.hi.is

Félags- og mannvísindadeild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 5444 · fom@hi.is · www.felagsogmannvisindadeild.hi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD